



FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBROTASKÓLANS Í GARÐABÆ
5. FUNDUR Á VORÖNN 2018
MÍÐVIKUDAGINN 14. MARS KL. 13:15

1. Bréf til skólaráðs

Umsóknir um leyfi

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Leyfi vegna keppni eða ferðar á vegum íþróttafélags er veitt ef staðfesting frá þjálfara liggur fyrir. Ef nemendur þurfa leyfi vegna annarra ferða er það skoðað og síðan afgreitt í lok annar á þann hátt að ef skólasókn er óaðfinnaleg [97%] að öðru leyti er leyfið veitt í flestum tilfellum. **Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.**

A. Önnur bréf

Tvær umsóknir um undanþágu til stúdentspróf í stærðfræði og bókfærslu samþykktar.

Tveir nemendur segja sig frá námi.

Einn nemandi sækir um undanþágu frá dönsku til stúdentsprófs. **Vísað til skólameistara.**

Einn nemandi sækir um stöðupróf í japönsku. **Vísað til skólameistara**

Einn nemandi sækir um stöðupróf í þýsku. **Vísað til til kennslustjóra erlendra tungumála**

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Framundan eru undanúrslitin í Gettu betur í sjónvarpssal, Lazertag í skólanum og söngkeppni framhaldsskólanna á Akureyri.

Rætt var um fjárhagsstöðu NFFG og möguleika á að halda lokaball. Skíðaferðin gekk mjög vel og allir voru ánægðir.

Leiksýningunni var hrósað í hástert.

Fundinn sátu:

Anna Jeeves, fulltrúi kennara

Edith Edda Unnsteinsdóttir, fulltrúi kennara

Finnbogi Jakobsson, fjármálastjóri NFFG

Kristinn Þorsteinsson, skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir, áfangastjóri

Rebekka Þurý Pétursdóttir, fulltrúi NFFG

Snjólaug E. Bjarnadóttir, aðstoðarskólameistari og fundarritari

Tinna Ösp Arnadóttir, félagsmálafulltrúi

Unnur Símonardóttir, náms- og starfsráðgjafi